

Arctic Sea Farm hf.  
Aðalstræti 20  
400 Ísafjörður

Reykjavík, 27. október 2021  
UST202102-167/H.S.J.  
08.12.02

**Efni: Reglubundið eftirlit þann 16.08.21 hjá Arctic Sea Farm, Patreksfirði og Tálknafirði.**

Þann 16. ágúst sl. fór fram eftirlit með sjókvíaeldi Arctic Sea Farm í Patreksfirði og Tálknafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

**Engin frávík komu fram við eftirlit en fimm ábendingar voru settar fram.**

Enn er opið frávík frá fyrri árum v. umgengni við Sandodda. Starfað hefur verið eftir úrbótaáætlun vegna þess en uppfæra þarf áætlanir þar sem úrbætur hafa ekki staðist. Ábending er gerð í eftirlitinu er snýr að fyrirbyggjandi aðgerðum og hreinsun og stofnunin óskar því eftir uppfærðum úrbótaáætlunum og áætlunum um fyrirbyggjandi aðgerðir.

Ábending var einnig gerð er snýr að rusli í fjörum og stofnunin óskar því einnig eftir langtíma hreinsunaráætlun og áætlun vegna fyrirbyggjandi aðgerða vegna rusls í fjörum, en drög að áætlun voru send stofnuninni 6. júlí sl.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir uppfærðum tímasettum áætlunum um úrbætur á framangreindum atriðum og að áætlanirnar berist stofnuninni eigi síðar en 17. nóvember 2021.**

Virðingarfyllst

Hulda Soffía Jónasdóttir  
sérfræðingur

G. Stella Árnadóttir  
sérfræðingur